

Janis Johnson öldungadeildarþingmaður, Ottawa, Kanada, riddarakross.  
 John Harvard þingmaður, Winnipeg, Kanada, riddarakross.  
 Neil Ofeigur Bardal aðalræðismaður, Gimli, Kanada, riddarakross.  
 Sigrid Johnson, Winnipeg, Kanada, riddarakross.

### 19. september 2000:

Barbro Skutnäs, Helsinki, Finnlandi, riddarakross.  
 Caj Söderlund, Helsinki, Finnlandi, stórriddarakross.  
 Esko Riepula rektor, Rovaniemi, Finnlandi, stórriddarakross.  
 Frank Edman sendiráðunautur, Helsinki, Finnlandi, stórriddarakross.  
 Jan-Erik Enestam ráðherra, Helsinki, Finnlandi, stórkross.  
 Jari Kallio, Helsinki, Finnlandi, stórriddarakross.  
 Jarmo Viinanen, Helsinki, Finnlandi, stórriddarakross.  
 Johannes Bäckström prótókollstjóri, Helsinki, Finnlandi, stórriddarakross með stjórn.  
 Maria Romantschuk, Helsinki, Finnlandi, riddarakross.  
 Mika Peltonen, Helsinki, Finnlandi, stórriddarakross með stjórn.  
 Pentti Arajärvi deildarstjóri, Helsinki, Finnlandi, stórkross.  
 Pertti Torstila, Helsinki, Finnlandi, stórkross.  
 Riitta Heinämaa, forstöðumaður Norræna hússins, riddarakross.  
 Suvi Kautto, Helsinki, Finnlandi, riddarakross.  
 Tarja Halonen, forseti Finnlands, Helsinki, Finnlandi, stórkross með keðju.  
 Timo Koponen sendiherra, stórkross.

Nr. 987

31. desember 2000

## AUGLÝSING

### um gildistöku ákvörðunar Flugmálastjórnar Íslands nr. 3/2000 um breytingu á ákvörðun Flugmálastjórnar Íslands nr. 1/2000 um gildistöku nýrra reglna um flugrekstur með þyrlum, JAR-OPS 3, Change 1.

Samkvæmt ákvörðun Flugmálastjórnar Íslands nr. 1/2000, sbr. auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 753/2000, um gildistöku nýrra reglna um flugrekstur með þyrlum JAR-OPS 3, Change 1, taka reglur JAA um flugrekstur með þyrlum JAR-OPS 3, Change 1, gildi frá og með 1. janúar 2001.

Flugmálastjórn Íslands hefur ákveðið að frá og með 1. janúar 2001 er þeim aðilum sem fyrir gildistöku reglnanna stunduðu flugrekstur í flutningaflugi með þyrlum í sjónflugi, veittur árs aðlögunartími að ákvæðum JAR-OPS 3, Change 1. Aðlögunartími þessi skal teljast frá gildistöku reglnanna frá og með 1. janúar 2001 til 31. desember 2001.

Ákvörðun Flugmálastjórnar Íslands er birt í heild sinni í flugmálahandbók Flugmálastjórnar, 3. deild (Ákvarðanir Flugmálastjórnar Íslands).

Auglýsingin öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 31. desember 2000.*

**Porgeir Pálsson** flugmálastjóri.